Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan




Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista


23. tölublað | Þriðjudagur 6.6. 1978 | verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Framboðslisti Kommúnistaflokksins



Gunnar Andrésson
rafvirki.



Sigurður Jón Ólafsson
iðnverkamaður.



Benedikt S. Kristjánsson
verkamaður.



Margrét Einarsdóttir
kennari.



Magnús Þorgrímsson
nemi.



Jónína H. Óskarsdóttir
verkakona.




Soffía Sigurðardóttir
starfsmaður.



Skúlína Hlíf Kjartansdóttir
verkakona.



Sigurður Ingi Andrésson
véltæknifræðingur.



Ástvaldur Ástvaldsson
rafvirki.



Skúli Waldorff
kennari.

Aðrir á listanum eru:

12. Sigurður Einarsson
sjómaður
13. Eiríkur Brynjólfsson
kennari
14. Norma E. Samúelsdóttir
skrifstofumaður
15. Konráð B. Pálmason
iðnnemi
16. Nanna Artúrsdóttir
verkakona
17. Guðrún Ægisdóttir
saumakona
18. Björgvin Leifsson
nemi
19. Steinunn Torfadóttir
kennari
20. Halldóra Gísladóttir
húsmóðir
21. Margrét Jóhannsdóttir
skrifstofumaður
22. Ingibjörg Einarsdóttir
hjúkrunarfræðinemi
23. Guðni Guðnason
lögfræðingur
24. Björn Grímsson
vistmaður á Hrafnistu



Verkfall í Hafnarfirði:
Verkstjórarnir verði látnir víkja

"Um tvo möguleika er að ræða fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar í deilunni við starfsfólkið í Bæjarútgerðinni" sagði Hörður Geirsson verkamaður í BÚH, "annars vegar að þeir loki frystihúsinu og stöðvi þar með framleiðsluna í lengri tíma og hins vegar að þeir gangi að kröfum verkafólksins um að verkstjórarnir tveir, sem sýnt hafa starfsfólkinu yfirgang, verði látnir víkja úr starfi!"

Eins og komið hefur fram í fréttum undanfarið, risu upp deilur í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar sem leiddu til þess að u.þ.b. 115 manns lögðu niður vinnu. Í tilefni þessa fór Stéttabaráttan á stúfana og náði tali af Herði Geirssyni, sem er einn verkfallsmanna í BÚH.

Hörður sagði að verkfall þetta í frystihúsinu ætti sér langan aðdraganda. S.l. sumar hefði vinnustaðnum verið lokað vegna breytinga, um mánaðartíma. Fyrir þá lokun hefði öllu verkafólkinu verið sagt upp störfum en svo þegar frystihúsið var opnað aftur hefðu ekki nær allir verið endurráðnir. Einn þeirra sem ekki var endurráðinn, við þá opnun, var verkstjóri nokkur sem starfað hafði hjá útgerðinni í 20 ár og verið vel liðinn af öllu starfsfólkinu. Í

Framhald á síðu 2.

Herstöðvaandstæðingar verða að berjast gegn Sovétríkjunum

Samtök herstöðvaandstæðinga eru stærstu póltísku fjöldasamtök landsins. Engin önnur samtök, að undanskildum verkalýðssamtökunum megna að fylkja jafn miklum fjölda að baki aðgerða og stefnumála sinna. Samt sem áður eiga samtökin við alvarleg vandamál að glíma í skipulagi sínu. Það sem skortir á er aukin virkni hins almenna félagsmanns og jafnari þátttaka í baráttunni. Samtök herstöðvaandstæðinga eru samfylking fjölmargra afla. Þess vegna er ekki óeðlilegt að stefna þeirra byggi á málamiðlun að mörgu leyti. En það má hins vegar ekki hindra að stefnumál samtakanna séu vanrækt af neinum aðila samfylkingarinnar. Þótt svo barátta ríki um stefnu samtakanna, verða þau að standa sameinuð um þær aðgerðir sem framkvæmdar eru í samræmi við stefnugrundvöllinn.

Öflug barátta gegn NATO hindrar ekki baráttu gegn Sovétríkjunum

Baráttan gegn nærveru bandaríska herliðsins á Miðnesheiði og veru Íslands í NATO er vissulega mikilvægasta verkefni samtakanna. En það er engan veginn eina verkefnið.

Félagar samtakanna eru ekki andstæðingar einnar heimsvaldastefnu heldur allrar heimsvaldastefnu. Markmið okkar með baráttunni er hlutleysi Íslands og órofa réttur íslenskrar alþýðu til að ráða öllum sínum málum sjálf, hvort sem um er að ræða efnahagsmál, stjórnmál eða menningarmál. Við berjumst gegn NATO, af því við viljum ekki líða erlenda íhlutun um málefni Íslands og erum einhlítir andstæðingar heimsvalda stefnunnar. Þess vegna eiga félagar samtakanna að styðja frelsisbaráttu alþýðunnar í öðrum löndum og snúast gegn yfirgangi heimsvaldaríkjanna hvar sem vera skal. Íslenskri alþýðu stafar ekki síður hætta af Sovétríkjunum en Bandaríkjunum og styrjaldarundirbúningur Sovétríkjanna er alvarleg hótun gegn sjálfstæði Íslands. Því er samtökunum brýn nauðsyn að vekja upp öfluga andstöðu gegn sovéskri heimsvaldastefnu og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að opna augu íslenskrar alþýðu fyrir ófriðarhættunni. Það má ekki henda, að aðgerðir samtakanna gegn Sovétríkjunum séu látnar reka á reiðanum og staðið að þeim af hálfum huga. Slíkar starfs-

Framhald á síðu 5.

LEIÐARI

Lýðræðisást - Alþýðubandalagsins

Alþýðubandalagið hefur lengi reynt að uppmála sig sem einn helsta málsvara lýðræðis og málfrelsis á Íslandi. Er þar skemmst að minnast baráttu þess gegn hinum svívirðulegu árásum "Varins lands" á málfrelsi og skoðanafrelsi í landinu.


En það hefur komið í ljós, ekki síst núna á síðustu mánuðum, að Alþýðubandalagsforystan er ekki sá lýðræðiselskandi semhún vill vera láta. Það hefur komið í ljós að skoðanafrelsi, málfrelsi og yfirhöfuð lýðræði er ekki æskilegt fyrir hvern sem er, og sérstaklega ekki fyrir þá sem gersthafa svo djarfir að gagnrýna vinnubrögð Alþýðubandalagsins í verkalýðshreyfingunni og benda á það hvernig Alþýðubandalagsforystan hefur notfært sér baráttu verkalýðsstéttarinnar fyrir bættum kjörum sem verkfæri í eigin valdabrölti.

Forysta Dagsbrúnar með þá Guðmund J. Guðmundsson og Eðvarð Sigurðsson í broddi fylkingar hefur ekki séð ástæðu til að kalla saman aðalfund í félaginu jafnvel þótt lög félagsins kveði á um að aðalfund skuli halda fyrir 15. febr. ár hvert. Hvað hræðist Dagsbrúnarforystan? Hræðist hún kannski að þurfa að standa fyrir máli sínu eftir að hafa með bolabrögðum ógilt mótframboð í félaginu í vetur? Eða hræðist formaður Verkamannasambandsins að standa fyrir framan verkamenn og skýra fyrir þeim þá mátt lausu baráttu sem nú er "háð" gegn svívirðilegum árásum ríkisvaldsins á kjör verkalýðsins? Hann er kannski hræddur við að sú staðreynd að Alþýðubandalagið er hrætt um að harðar aðgerðir verkalýðs hreyfingarinnar geti komið niður á atkvæðamagni flokksins í komandi kosningum verði til umræðu á fundi Dagsbrúnar.

Það er nú ljóst að Kommúnistaflokkurinn og aðrir aðilar sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum við alþingiskosningarnar, eru sviptir svo til öllum möguleikum til að flytja skoðanir sínar til landsmanna gegnum ríkisfjölmiðlana. Og þó synd sé að segja frá er það Alþýðubandalagíð sem harðast hefur barist gegn málfrelsinu í þessu máli, t.d. í útvarpsráði. Ólafur R. Grímsson einn frægasti og jafnframt misheppnaðasti metorðastritari í sögu íslenskrar pólitíkur, hefur verið ötull talsmaður skoðanakúgunar í útvarpsráði og orðið vel ágengt. En þessi nýkjörni framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins er að sjálfsögðu aðeins að framfylgja því sem samþykkt hefur verið af forystu flokksins.

Það sem blasir við okkur kommúnistum innan verkalýðshreyfingarinnar er miskunnarlaus barátta gegn ólýðræðislegum vinnubrögðum verkalýðsforystunnar, sem að mestu er skipuð Alþýðubandalagsmönnum. Íslenskur verkalýður verður að snúast gegn þessum útsendurum atvinnurekenda í hreyfingunni um leið og hert verður baráttan gegn kjaraskerðingunum. Kosningar eru ekki kjarabarátta, en í þeim getur verkalýðurinn sýnt hug sinn í garð ólýðræðislegra vinnubragða Alþýðubandalagsins með því að kjósa Kommúnistaflokk Íslands ml.

6/6 1978.



Verkafólkið í fiskiðjuverinu í Firðinum situr hér í kaffistofunni á vinnustaðnum. Fær það framgengt þeirri lágmarks mannréttindakröfu að fá að vinna í friði fyrir yfirgangi verkstjóranna?

Sjálfsagður bandamaður?

Framhald af síðu 4

löndum. Þeir hafa t.d. veitt frelsisbaráttu Palestínuaraba mikinn stuðning, en samtímis hafa heimsvaldasinnaðir hagsmunir þeirra oftlega leitt til aðgerða sem skaðað hafa málstað Palestínu. Sovétríkjunum er af ýmsum ástæðum mikið í mun að ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs haldist óbreytt. Stofnun palestínsks ríkis á rústum Ísraels myndi hafa frið í för með sér og hernaðarlegur stuðningur væri þar með ónauðsynlegur. Eins og nú er ástatt, gegna Sovétríkin ákveðnu hlutverki, sem stórveldi í deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Af þessum sökum hafa Sovétríkin reynt að koma málunum þannig fyrir, að jafnvægi í Miðausturlöndum byggi einkum á samkomulagi risaveldanna. Þeir styðja PLO og frelsisbaráttu Palestínu vissulega, en að baki þessum stuðningi búa heimsvaldasinnaðir hagsmunir þeirra sjálfra. Sudan er enn eitt dæmið um þessa tvískinnungspólitík rússa. Þeir veittu Sudan umtalsverða efnahagsaðstoð, en jafnframt því skipulögðu þeir framleiðslu landsins með eigin hagsmuni í huga. Og til að bæta gráu ofan á svart fjármögnuðu þeir hóp ævintýramanna sem nánast engan stuðning átti meðal alþýðu landsins, til þess að reyna að hrifsa völdin. Þegar þessi aðgerð mistókst og Sudanstjórnin gerði sér grein fyrir raunverulegri orsök efnahagsaðstoðarinnar, rauf hún alla samninga sína við Sovétríkin.

Það er ekki einleikið, að hvarvetna þar sem Sovétríkin veita þjóðfrelsi brautargegni sitt, þar tekur borgarastríð við og útþensla viðkomandi lands. Fyrir þessu er ástæða og hún getur engin verið önnur, en sú að Sovétríkin eru ekki sósíalískt ríki sem lætur sér annt um frelsisbaráttu alþýðunnar, heldur heimsvaldaríki sem setur efnahagslega og hernaðarlega hagsmuni sín ofar öllu öðru.

Risaveldið í austri:

Framhald af síðu 4.

ríkjunum

Útþenslustefna Sovétríkjanna hefur mætt vaxandi andúð um víða veröld. Þegar hafa ýmis ríki Afríku og Asíu slitið stjórnmáltengslum við Sovétríkin og fjölmargir áhrifamenn í Afríku og Evrópu hafa varað við stríðsfyrirætlunum Brésneffs. Norðurlöndin hafa ekki síst fengið að kenna á yfirgangi rússa og forystumenn þeirra hafa hvað eftir annað mótmælt honum opinberlega. Norðmenn óttast vaxandi umsvif sovéska flotans á Barentshafi og staðsetning sovéskra kjarnorkukafbáta í Eystrasalti hefur valdið mótmælum svía. Það líður varla sú vika, að sovéskum njósnurum sé ekki vísað úr landi einhvers staðar í heimsbyggðinni. Þessi njósnastarfsemi sýnir vel fyrirætlan Brésneffs og engin vafi leikur á því að hún er einnig stunduð hérlendis. Njósnirnar hafa þann tilgang að kann stjórnlistarleg mikilvæg atriði eins og samgöngukerfi, varnarmátt og hernaðarskipulag viðkomandi landa. Þeim er einnig ætlað að skapa leynilegt net quislinga sem undirbúa jarðveginn fyrir innrás og innlimun í sovéska heimsveldið. Það dylst engum sem til þekkir, að Sovétríkin hafa stór aukið umsvif sín á N-Atlantshafssvæðinu. Sökum hernaðarlegs mikilvægis Íslands, beinist athygli rússa skiljanlega að landinu. Þeir hafa reynt að ná fótfestu hérlendis og skapa efnahagsleg kverkatök á Íslandi. Þannig reyna Sovétríkin að gera hluta íslenska auðvaldsins sér hlynt og háð. Þar er fyrst og fremst um að ræða SÍS auðvaldið. En auk þessa reka rússar öfluga útbreiðslustarfsemi á Íslandi og reyna þannig að dreifa athygli þjóðarinnar frá raunverulegum tilgangi Sovétríkjanna á N-Atlantshafi. En þrátt fyrir að Sovétríkin mæti vaxandi andúð á Íslandi, sem m.a. hefur birst í aðgerðum og yfirlýsingum Samtaka herstöðvaandstæðinga gegn sósíalheimsvaldastefnunni, vanmeta flestir hættuna sem stafar frá Sovétríkjunum. Margir álíta að Sovétríkin séu sósíalískt ríki og draga ýmist þá ályktun af þessari skoðun sinni, að sósíalisminn hafi mistekist eitthvað eða að Sovétríkin séu ljóslifandi dæmi um raunverulegt eðli sósíalismans. Hvort tveggja er rangt. Það er enginn sósíalismi í Sovétríkjunum, þau eru kapítalískt heimsvaldaríki undir fasískri ógnarstjórn. Íslensk alþýða verður að auka árvekni sína gagnvart þeirri hættu sem henni stafar af Sovétríkjunum, sem er engu minni en ógnin sem stóð af Hitlers-Þýskalandi á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld. Íslenska þjóðin verður að vera viðbúin styrjöldinni og taka höndum saman til að vernda friðinn. Baráttan fyrir hlutleysi Íslands er ekki síður barátta gegn Sovétríkjunum en Bandaríkjunum og það er geysilega mikilvægt að efla samfylkingu andheimsvaldasinna og allrar alþýðu gegn erlendri ásælni og yfirgangi. Vaxandi andúð gegn Sovétríkjunum á Íslandi verður að öðlast skipulag sitt í víðtækum samtökum fjöldans fyrir friði og hlutleysi og gegn styrjaldarfyrirætlunum risaveldanna tveggja.

Verkfall í Hafnarfirði:

Framhald af forsíðu.

stað hans voru ráðnir þeir tveir verkstjórar sem deilurnar spinnust út af.

Hörður tjáði blaðinu að verkstjórarnir tveir hefðu á starfsferli sínum í BÚH, sýnt starfsfólkinu tillitsleysi og óþarfa yfirgang. Vegna þessa hefði áður komið til tals að grípa til aðgerða gegn þeim en aldrei fyrr en nú náðst um það samstaða.

Upp úr hefði þó soðið á miðvikudaginn í s.l. viku er Huldu Hermóðsdóttur var fyrirvaralaust skipað að hætta eftirlitsstörfum í frystihúsinu en hún hefur ásamt fleirum fengist við skoðun á fiskflökum sem búið er að skera úr.

Hér hefði aðeins verið um geðþóttaákvörðun að ræða og Hulda tekið hana sem uppsögn en þá hefði verkafólkinu verið nóg boðið og það lagt niður vinnu sem einn maður. Í fiskmóttökunni hafi verið nóg um fisk og í vélunum en svo hefði samhugurinn verið mikill um nauðsyn gagnaðgerða gegn verkstjórunum, að við atvinnutækin var skilið eins og þau komu fyrir á þeim tíma er verkfallið var ákveðið.

Hörður sagði að útgerðarráð hefði haldið fund um málið í heilan dag en að lokum komist að því að það hefði ekkert umboð í þessu máli, vegna nýafstaðinna bæjarstjórnarkosninga. Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar væri nú ljóst að Óháðir og Sjálfstæðisflokkur mynduðu meirhlutann, 6 menn en í minnihluta væru Alþýðubandalag, Alþýðflokkur og Framsóknarflokkur með 5 menn. Þessir flokkar allir hefðu nú skipað með sér nokkurs konar bráðabirgðaútgerðarráð, sem sæti um þessar mundir (6. júní) fundi ásamt yfirmönnum í Bæjarútgerðinni, fulltrúum verkalýðsfélaganna Hlífar og Framtíðarinnar og trúnaðarmönnum úr BÚH.

Sagði Hörður að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði borið fram sáttatillögu á mánudagsmorgninum 5. júní og hefði sú tillaga verið felld með 68 atkvæðum gegn 43 en 4 seðlar verið auðir. Væri því greinilegt að mikill hugur væri í fólki um að ná fram kröfum sínum, umræður hefðu verið miklar og nefnd verið kosin til að ræða málin við bæjarfulltrúa. Niðurstaða verkafólksins væri sem fyrr segir annað hvort áframhaldandi stöðvun á framleiðslunni um ófyrirsjáanlega langan tíma eða að gengið verði að þeim kröfum að verkstjórunum tveim verði sagt upp störfum.

Liggur því vinna enn niðri í fiskiðjuverinu í Hafnarfirði.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.
- Hellisandur: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10.
- Stykkishólmur: Gísli Hjaltason P. O. Box 63.
- Akureyri Jón Atli Játvarðsson Skarðshlíð 30.
- Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38
- Hornafjörður: Skúli Waldorff, Bókabúð KASK.
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11 N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

Leiðrétting

Í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar voru þau leiðu mistök gerð, að titla Björgvin Leifsson formann félags líffræðinema. Hann er formaður félags náttúrfræðinema.

Kína verði nútímalegt sósíalískt ríki fyrir lok aldarinnar

Eins og fram hefur komið í Stéttabaráttunni var 4ra manna sendinefnd Kommúnistaflokks Íslands í heimsókn í kínverska alþýðulýðveldinu. Sendinefndin hafði 20 daga viðdvöl í Kína, ferðaðist um og átti viðræður við fulltrúa Kommúnistaflokks Kína.

Blaðamaður Stéttabaráttunnar hitti félagana úr sendinefndinni og bað þá að segja frá ferðinni.

Af hverju var ferðin farin og á hvers vegum?

- Á valdatíma fjórmenninganna í Kína lögðust samskipti Kína við erlend ríki og flokka að mestu niður. Eftir fall fjórmenninganna hafa kínverjar brotist út úr þessari einangrun og heimsókn okkar er liður í því að kínverjar vilja taka upp og treysta samband við marx-lenínísk flokka og samtök erlendis.

Ferðin var á vegum vináttustofnunar kínverska ríkisins og samskiptanefndar miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins.

Hvernig var ferðin í grófum dráttum?

- Við komum til Peking að morgni 5. maí og dvöldum þar til 10. maí. Þá var haldið til Shanghai og gist þar til 14. Þaðan var haldið til Tsjang-sja og Shao-shan og ferðast til Gví-ling, sem er einstæður staður frægur fyrir náttúrufegurð. Þann 19. var síðan haldið aftur til Peking og dvalist þar til 25., en þá lauk heimsókninni.

Í Peking fór mestur tími í fundahöld þar sem fulltrúi samskiptanefndarinnar gaf okkur skýrslu um ýmis mál, m.a. ástandið í Kína á valdatíma fjórmenninganna og nú, og um afstöðu Kommúnistaflokks Kína til ýmissa mála og til alþjóðlegs ástands yfirleitt.

Heimsótt voru söfn og m.a. skóli og sjúkrahús í Peking.

Í Shanghai heimsóttum við ýmsar þær stofnanir sem við höfðum beðið um að fá að sjá. Það var m.a. Höll verkalýðsins, æskulýðshöll, verkamannahverfi, fangelsi, verksmiðja, alþýðukommúna o. fl.

Í Tsjang-sja heimsóttum við listiðnaðarverksmiðju þar sem framleiddar voru útsaumsmyndir. Þar var einnig heimsóttur skóli þar sem Maó lærði og kenndi í síðar.

Fæðingarstaður Maó er í Shao-shan í Hunanfylki. Þann stað heimsóttum við og gistum þar.

Að síðustu var farið til Gvíling en þar er einstök náttúrufegurð, sérkennileg fjöll og hellar.

Í seinni heimsókninni í Peking, var fundum haldið áfram og auk þess skoðaðir ýmisir staðir, m.a. múrinn mikli.

Hvað fannst ykkur athyglisverðast af því sem þið sáuð í Kína?

- Margt var athyglisvert, en þó var athyglisverðast að kynnast því hvernig kínverjar vinna að því stóra og mikla verkefni að gera Kína að traustu, nútímalegu sósíalísku ríki fyrir lok þessarar aldar. Þessu marki ætla þeir að ná með því að færa í nútímalegt horf landbúnaðinn, iðnaðinn, varnir landsins og vísindi og tækni. Þetta er ekki aðeins efnahagslegt markmið heldur einnig áríðandi pólitískt markmið.


Það er margt skammt á veg komið í Kína og engir gera sér betur grein fyrir því en kínverjar sjálfir. Þeir hafa lært að miklast ekki af eigin sigrum, meta ástandið raunhæft, líta á sigranaa sem skref í átt til enn stærri sigra og treysta á eigin krafta.

Ríkisvaldið íslenska gefur íslenskum verkalýð tvo kosti: atvinnuleysi eða verðbólgu. Í Kína er hvorugt. Þar hafa allir vinnu og þar er engin verðbólga. Þar er "verðhjöðnun", vörur og þjónusta lækkar í verði.

Að þessum orðum töluðum kvaddi blm. félagana úr sendinefndinni. Þeir munu gera nánar grein fyrir ferðinni í næstu blöðum.



Hér eru "fjórmenningarnir" íslensku, sendinefndin frá Kommúnistaflokk Íslands ML sem fór til Kína í maí s.l.. F.v. Gunnar Andrésson, Skúlína Kjartansd., Einar Andrésson og Eiríkur Brynjólfsson.



Í Kína miðast tækniþróunin við að efla framleiðslu sósíalíska ríkisins og auðvelda vinnandi fólki störfin. Þau stóru skref sem kínverska þjóðin hefur tekið á stttum tíma, má þakka þeirri stefnu sem Kommúnistaflokkur Kína hefur rekið á grundvelli marxismans-lenínismans og kenninga Mao Tse-tung. Þó gera kínverjar sér manna best grein fyrir hversu mikið verk er óunnið og hversu langa baráttu á eftir að heyja.

Skólinn í Kína

Fyrsta grein

Heimsókn í miðskóla 171 í Peking

Þessi skóli er í Friðarhverfi í Peking. Þar eru tveir skólar, annar heitir Friðarhverfisskóli en hinn miðskóli númer 171.

Í Peking eru allt í allt 400 miðskólar, þar af 200 í miðborginni.

Við vorum boðin velkomin með dynjandi lófaklappi gestgjafa okkar.

Á kennarastofunni fengum við upplýsingar um skólann en á eftir var gengið um og skólinn skoðaður, nemendurnir sungu, spiluðu og dönsuðu fyrir okkur og við fengum að sjá og heyra enskukennslu.

Almennar upplýsingar.

Þessi skóli er 20 ára gamall og starfar allan daginn. Nemendur eru 1600 með 172 kennara. Bekkjarfjöldinn er 30 og nemendur á aldrinum 13-18 ára.

Samkvæmt leiðbeiningum Maós tengir skólinn saman nám og starf. Skólaárið er 32-34 vikur, af þeim tíma fara 6-8 vikur í starf í verksmiðju og við landbúnað. Gefin eru 8 vikna frí, ýmist sumar eða vetrarfrí.

Í nágrenni skólans og í tengslum við hann er verksmiðja og lítil kolanáma. Þangað fara nemendurnir í starf, framleiða vörur og kynnast starfi verkamanna og bænda.

Annað námsefni er kínverska pólitík, stærðfræði, erlend mál, oftast enska en stundum spænska. Síðan læra sumir eðlis-og efnafræði, sögu og landafræði. Auk þess er kennd heilsufræði, heilsuvernd, tónlist, teikning og undirstaða landbúnaðarstarfa.

Tengt er saman bóklegt og verklegt nám m.a. með því að láta nemendurna gera verkefni í landbúnaði t.d. að færa út vísindalega þekkingu í landbúnaði.

Skólaskylda er 10 ár, 5 í barnaskóla og 5 ár í miðskóla

Til sveita er skólaskyldan 7 ár. Úr miðskóla komast nemendur í háskóla. Til að komast þar inn þarf 320 einingar í 4 tilteknum námsgreinum, en gefin eru 1-100 stig í hverri grein. Auk þess er tekið tillit til einkunna í pólitík og heilsufræði.

Áhrif fjórmenninganna á skólanum.

Eins og kom fram eru 1600 nemendur í skólanum í 30 bekkjum. Þetta þýðir u.þ.b. 50 nemendur í hverjum bekk. Aðspurðir sögðu kennararnir að stefnt væri að fækkun niður í 30 nemendur í bekk. Það væri risastökk, erfitt,bæði vegna húsnæðisskorts og kennaraskorts.

Kennaraskort má rekja til áhrifa frá fjórmenningunum. Ein þeirra kenninga sem þeir settu upp var að sérfræðingar væru hvítir. Þetta táknar að menntamenn ýmiskonar væru andsnúnir byltingunni, ekki rauðir. Verkamenn væru hinsvegar rauðir. Þessvegna var t.d. tækninám skorið niður úr 5 árum niður í 3 ár og af þessum þremur árum fór mestur hluti námsins fram í verksmiðjunum og úti á ökrunum. Nemendur gagnrýndu auðvitað "hina hvítu kennara" og fóru vitaskuld til vinnu í verksmiðjunum og á ökrunum eftir nám. Enginn vildi semsagt vera "hvítur"Enda var það ekki tekið út með sældinni að vera "hvítur".

Til að undirstrika hið ofurbyltingarsinnaða viðhorf tóku nemendur upp á því að hreinsa rúður úr skólum, eyðileggja húsnæði og innanstokksmuni, lemja kennara, einkum þá sem "vanvirtu pólitíkina en drógu taum fagsins". þe voru hvítir.

Fylgismaður fjórmenninganna kona frá Shanghai rökstuddi þessa nýju byltingarhyggju. Rökstuðningurinn var fólgin í því að bera þetta saman við eyðileggingu á vélum í frumbernsku verkalýðshreyfingarinnar. Þar af leiðandi væru byltingarsinnar að eyðileggja verðmæti og stöðva framleiðsluna.

ATH. Þetta er fyrsta grein um skóla í Kína. Í næstu blöðum mun koma framhald.

Risaveldið í austri:

Árið 1917 reis verkalýður og bændamúgur hins víðfeðma Rússlands upp í voldugri byltingu sem skók máttarstoðir gervallrar veraldarinnar. Fyrsta sósíalíska byltingin var orðin að veruleika, Sovétríkin litu dagsins ljós. Alþýða heimsins leit vonaraugum til Sovétríkjanna, þreytt á styrjöldum og efnahagskreppum auðvaldsskipulagsins eygði hún nýja framtíðarvon í austri. Sovétríkin urðu land frelsisins, vinnunnar og verkalýðsins. Þau voru voldugur bandamaður verkalýðshreyfingarinnar í vesturheimi og frelsishreyfinganna í nýlendunum - í stuttu máli sagt, þau voru miðstöð heimsbyltingar sósíalismans. Nú réttum 60 árum síðar lítur alþýða heimsins til Sovétríkjanna með breyttum huga. Þau eru ekki lengur framtíðarvon, heldur samtíma martröð, ekki land frelsis heldur blóðugt harðstjórnarríki, ekki land vinnunnar og verkalýðsins, heldur heimsvaldaríki sem teygir krumlur sínar um allar heimsálfurnar og heimshöfin. Þessi grundvallarbreyting sem orðin er á Sovétrijunum á rót sína að rekja til borgaralegrar gagnbyltingar. Veldi verkalýðsstéttarinnar hefur verið hrundið og borgarastéttin hefur endurheimt völd sín. Nú tala nánast engir, nema Sovétríkin sjálf og lítilþæg handbendi hennar erlendis um ríki sósíalismans í austri. Nú tala menn um risaveldið í austri, um síaukna ásælni og yfirgang sovéska floktans og Varsjárbandalagsins. Jafnvel þeir sem ekki opnuðu augu sín eftir innrás Sovétríkjanna inn í Tékkóslóvakíu 1968, geta ekki lengur neitað þeirri staðreynd, að Sovétríkin sækjast eftir heimsyfirráðum, ekki til þess að frelsa heiminn, heldur til að varpa honum í hlekki sovéskrar heimsvaldastefnu og drottnunar.

Sovétríkin hafa í vaxandi mæli tekið við hlutverki Bandaríkjanna, sem bakhjarl fasískra valdaránsmanna um víða veröld. Það eru ekki lengur Bandaríkin sem standa að baki sérhverri styrjöld í heiminum. Að baki átakanna í Angóla og Zaire, í eystra horni Afríku, í Indókína og víðar standa Sovétríkin og kúbanskir eða vietnamskir málaliðar þeirra. Að baki hallarbyltinga í Afganistan, Sudan, Egyptalandi og víðar standa sömuleiðis Sovétríkin. Þau eru nú meginuppspretta ófriðar í heiminum, frá Sovétríkjunum stafar fyrst og fremst hættan af nýrri heimsstyrjöld.


Sovétríkin ráða yfir stærsta her veraldar. Á undanförnum árum hafa umsvif Sovétríkjanna á N-Atlantshafi stóraukist.

Eins og öll heimsvaldaríki sögunnar byggja Sovétríkin utanríkispólitík sína á drottnunarstefnu og sívaxandi útþenslu. Æ oftar lýsa ráðamenn Sovétríkjanna því yfir, að þau hafi pólitískra og efnahagslegra hagsmuna að gæta í sérhverju horni heimsbyggðarinnar og að réttur þeirra til íhlutunar um innanríkismál annara ríkja helgist af baráttu fyrir sigri sósíalismans. Sovétríkin reka ofstopafulla utanríkispólitík og veigra sér ekki við að fremja myrkraverk sín í nafni sósíalismans. Í rauninni notfæra þau sér sósíalismann á nákvæmlega sama hátt og bandarískir heimsvaldasinnar hafa ævinlega notfært sér "vestrænt frelsi". Þau beita áróðursmætti sínum til þess að dylja hinn raunverulega tilgang vopnaðrar íhlutunar eða grófra afskipta af innanríkismálum annara. Það sem býr að baki drottnunarstefnunnar er hvorki hugsjónir sósíalismans eða heimsfriðarins, eins og sovéskir áróðursmeistarar láta í veðri vaka. Það sem veldur er innri efnahagskreppa og sókn eftir hámarksgróða. Allt frá valdatöku Krússjeffs 1956, hafa Sovétríkin átt við efnahagsörðugleika að stríða. Iðnaðarframleiðslan hefur ekki náð markmiðum sínum og landbúnaðurinn er í molum. Samfara upplausn hins sósíalíska efnahagsgrundvallar hafa ýmis konar rotnunareinkenni brotist út á yfirborðið, eins og svartamarkaðsbrask, þjófnaðir og rán, vændi og drykkjuskapur. Svar sovéskra valdhafa við efnahagserfiðleikunum er alger hervæðing efnahagsins og undirbúningur landvinningastyrjaldar. Sovétríkin ætla að leysa innri kreppu sína með því að sölsa undir sig stærri landsvæði og gera önnur lönd háð sér. Þegar í dag kreista þau hráefni út úr löndum austur-Evrópu og mörgum "vinaríkjum" sínum í þriðja heiminum, en selja síðan afurðirnar sem framleiddar eru úr þessum hráefnum til landanna aftur, oft ofar heimsmarkaðsverði. Þetta tvennt, auknir markaðir og yfirráð yfir hráefnalindum heimsins, er markmiðið með styrjaldarundirbúningi Sovétríkjanna. Efnahagsþvinganir sem þau beita "vinaríki" sín eru nákvæmlega þær sömu og önnur heimsvaldaríki hafa áður beitt á undan þeim. En samfara styrjaldarundirbúningnum vex andstaða heima fyrir og stuðningurinn erlendis frá fer þverrandi. Í Sovétríkjunum eru meira en 1 milljón manna í fangabúðum, í fangelsum eða á geðveikraspítölum vegna andstöðu sinnar við fasisma Brésneffs. Og ofbeldið færist stöðugt í aukana, gegn andstöðunni innanlands. Jafnhliða hafa Brésneff og fylgismenn hans tekið upp póltík gömlu keisarastjórnarinnar í þjóðernismálum. Hin fjölmörgu þjóðerni sem byggja Sovétríkin eru nú beygð undir stórrússneska þjóðrembingsstefnu og eru raunverulega nýlendur Rússlands. Það er sannarlega ekki að ástæðulausu að Brésneff hefur verið kallaður "nýji keisarinn í Kreml".

Sá sem ræður Evrópu, ræður heiminum

Í ræðu sem Leonid Brésneff hélt á 25. þingi Kommúnistaflokks Sovétríkjanna 1976, sagði hann m.a. þetta: "Í öllum heimshornum hefur okkur orðið vel ágengt í utanríkisstefnu vorri." Þessi ummæli foringjans koma heim og saman við þá mynd sem blasir við okkur í dag. Sovéski flotinn hefur vaxið geysilega hratt og stórar flotadeildir eru á Atlantshafi, Eystrasalti, Indlandshafi og Kyrrahafi, auk þess sem sovésk herskip eru staðsett víða við strendur Afríku og á Miðjarðarhafi. Sovétmenn hafa herstöðvar í Bangla Desh, í Vietnam, á Kúbu, í Angóla, S-Jemen, og víðar. En megin athygli sovésku heimsvaldasinnanna beinist óneitanlega að Evrópu. 3/4 hlutar heraflans eru staðsettir á landamærum V-Evrópu, en um það bil 1/4 á landamærum Sovétríkjanna og Kína. Ástæðan fyrir því að sovétmenn og bandaríkin beina aðalathygli sinni að Evrópu er augljós. Þar er tækniþróun og iðnþróun lengst á veg komin, menntunin mest og framleiðsla og markaður mestur. Herafli og hertækni Evrópuríkjanna er einnig margfalt meiri en annara álfa. Samkvæmt upplýsingum sem birtar voru á NATO-ráðstefnunni, sem nú stendur yfir í New York, ráða herir Warsjárbandalagsins í mið-Evrópu yfir 930 þús. vopnuðum mönnum, en NATO hefur 700 þús. undir vopnum, á sama svæði. Skriðdrekar Warsjárbandalagsins í mið-Evrópu eru rúmlega 20 þúsund og fallbyssur og flugskeyti 10 þúsund. NATO hefur hins vegar ekki nema 7000 skriðdreka og 2700 fallbyssur og flugskeyti þar. Heildarherafli Warsjárbandalagsríkjanna er nálægt 5 milljónum manna og varalið 6 milljónir. Heildarherafli NATO er innan við 5 milljónir, þrátt fyrir að NATO ríkin séu helmingi fleiri og fjölmennari. Varalið þeirra er einnig innan við 5 milljónir. (tölurnar eru fengnar úr The International institute for strategic studies, London 1977). Segja má, að fjölmennustu hersveitir veraldarinnar séu staðsettar í Evrópu og auk heldur er vopnabúnaður þeirra þar sá fullkomnasti. Hvað varðar kjarna vopn hafa Sovétríkin þegar farið fram úr Bandaríkjunum, þótt vopn þeirra séu að einhverju leyti tæknilegar ófullkomin. Þegar mýmörg ummæli forystumanna risaveldanna beggja um frið og afvopnum eru höfð í huga, sést glögglega hversu falskur undirtónninn er. Það er af þessum ástæðum sem kínverjar hafa varað við styrjaldarhættunni, nú síðast í ræðu sem Huang Hua, utanríkisráðherra Kína hélt á Afvopnunarráðstefnu SÞ í New York 30. maí s.l. Þar benti hann m.a. á að styrjaldarátök milli risaveldanna tveggja færðust óðfluga nær og að upphafsins myndi vera að leyta í útþenslu og árásargirni Sovétríkjanna. Það er engum efa bundið, að þau átök hefjast í Evrópu og að Evrópa verður enn einu sinni aðalvettvangur þess harmleiks styrjaldar sem heimsvaldastefnan hefur leitt mannkynið tvívegis í.

Vaxandi andúð gegn Sovét-

Framhald á síðu 2

Sjálfsagður bandamaður?


Heimsvaldasinnarnir í Kreml eru "sjálfsagðir óvinir" frelsishers Eritreu. Þrátt fyrir sovésk vopn og kúbanska hermenn hefur frelsisher Eritreu frelsað 98% landsins og sigur er í augsýn.

Sovéskir ráðamenn hafa oftlega talað um stuðning sinn við frelsisbaráttu þjóða þriðja heimsins og titlað sjálfa sig "sjálfsagðan bandamann" allra kúgaðra og arðrændra. Þeir hafa gortað sig af aðstoð sinni við frelsisheri fjölmargra ríkja og stuðningi sínum við baráttu þeirra á vettvangi alþjóðastjórnmála. En gríman er sem óðast að flagna af forystumönnum Sovétríkjanna. Æ fleiri sjá í gegnum "sósíalísk" slagorð sovétmanna og skilja hið rétt eðli þeirra. Sérstaklega hafa þau ríki sem eftir margra ára baráttu fengu hrundið yfirráðum bandarísku heimsvaldastefnunnar, leitt þetta í ljós. Vietnamar höfðu varla sleppt fagnaðarorðunum eftir sigurinn yfir bandarísku herjunum, þegar ný vá var fyrir dyrum þeirra. Þegar uppbyggingarstarfið eftir eyðileggingu styrjaldarinnar komst á legg, varð fljótlega ljóst hver hinn raunverulegi herra var. Sovétmenn, sem veitt höfðu Vietnam geysilegan stuðning meðan á stríðinu stóð sýndu ekki á sér fararsnið. Í stað hernaðarráðgjafanna komu nú fulltrúar sem stjórnuðu uppbyggingu iðnaðarins og samgöngumála. Ítök Sovétríkjanna voru efld á öllum sviðum og herrarnir í Kreml gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til þess að skapa óvild og deilur milli Vietnama og nágrannaríkjanna. Vietnamar sendu 20 þúsund hermenn til Laos og sovéskir ráðunautar settust í valdastóla Laos. Vietnamar réðust inn í Kambódíu og áróðursmeistarar Kremlar básúnuðu það út yfir heimsbyggðina, að Kambódíumenn ættu sök á ófriðnum. Jafnhliða þessu versnuðu samskipti vietnama og kínverja og rússar kynntu undir deilunum, eins og þeim var frekast unnt. Afleiðingar þess, að vietnamar litu á Sovétríkin sem "sjálfsagðan bandamann" eru enn ekki allar komnar í ljós. En þó er fullvíst að alþýða Vietnam hefur ekki áunnið sér frelsi eða frið, þrátt fyrir hetjulega baráttu sína yfir Bandaríkjunum.

Mörg járn í eldinum

Stuðningur Sovétríkjanna við frelsishreyfingar ríkja þriðja heimsins er ekki óeigingjarn stuðningur í þágu frelsis, sjálfstæðis og sósíalisma. Að baki þessum stuðningi býr pólitískt valdatafl sósíalheimsvaldassinna og tilraunir þeirra til að auka yfirráð sín um víða veröld. Þetta sýna dæmi Vietnam og Angóla mjög ljóslega. Sömuleiðis er ljóst af framferði Sovétríkjanna í Eþíópíu, að þeir hika ekki við að snúast með vopnum gegn frelsishreyfingunum, ef hagsmunir þeirra bjóða þeim það. Þannig hafa Sovétríkin nú snúist frá stuðningi við frelsisher Eritreu, til fulls fjandskapar og vopnaðs ofbeldis. En Sovétríkin hafa mörg járn í eldinum, víðar en í þessum

Framhald á síðu 2

Uppspretta nýrrar heimsstyrjaldar

AFRÍKA: Vettvangur stórfelldrar íhlutunar


Brésneff, aðalritari sovéska Kommúnistaflokksins.


Brésneff og Fidel Kastró. 30 þúsund hermenn hafa Kúbanir sent til Afríku.


Mobutu Sese Seko forseti Zaire. Nýverið bað hann vesturveldin um aðstoð gegn innrásinni frá Angóla.


Anghostino Neto, forseti Angóla. Völd hans byggja á kúbönskum her og sovét rúblum.


Haile Mariam Mengistu ofursti. Ófarirnar í Eritreu hafa leitt til kólnandi sambands við Kúbu.


Siad Barre forseti Sómalíu. Hann hefur hvatt til aukinnar árvekni gegn heimsvaldastefnu Sovétmanna sem byggðu upp her Sómalíu.

Afríka hefur komist æ meira í sviðsljósið eftir að frelsisstyrjöld þjóðanna í Indókína lauk í apríl 1975. Brennipunktur uppreisna og refsskákar risaveldanna hefur færst til Afríku. Meginhlutverkið er í höndum Sovétríkjanna, sem á skömmum tíma hafa kynnt undir eldum vopnaðra átaka í fjölmörgum Afríkulöndum. Að vísu hafa sovésku heimsvaldasinnarnir lært sitthvað af heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og beita enn sem komið er öðrum fyrir vagn sinn. Kúbanir nutu óskiptrar aðdáunar þriðja heims ríkjanna eftir sigur byltingarinnar 1959. Þess vegna áttu þeir vingott við margar þjóðir Afríku og sendu snemma sjálfboðaliða og ráðgjafa til aðstoðar frelsisbaráttunni í Afríku. En á síðustu árum hefur hlutverk þeirra birst í nýju ljósi. Tugir þúsunda kúbanskra hermanna eru blandaðir inn í mannskæðar styrjaldir víða um álfuna og vinsældir Kúbverja hafa snarminnkað. Hvarvetna þar sem átök brjótast út í Afríku birtast kúbanskir hermenn og að baki þeirra sovéskir tækni- og hernaðarráðunautar.

Afríka er vettvangur stórfelldrar íhlutunar sovésku heimsvaldastefnunnar. Svo virðist sem Brésneff hafi einsett sér að verða eftirmaður breskra og franskra nýlenduherra í svörtu álfunni.

Stríðið í suðurhluta Afríku.

Um þriggja ára skeið hafa samfelldar skærur geisað í Angóla, þrátt fyrir að portúgölsku nýlenduherrarnir hafi yfirgefið landið. Orsök borgarastyrjaldarinnar í Angóla er barátta risaveldanna í suðurhluta álfunnar. Frelsissamtök Angóla, MPLA , FNLA og UNITA gerðu með sér samband í janúar mánuði 1975, í því skyni að taka við stjórn landsins. Þetta bandalag var síðan rofið af MPLA sem með aðstoð kúbanskra málaliða og sovéskra vopna hrakti hinar hreyfingarnar á flótta og tók völdin í Luanda höfuðborg landsins. En MPLA naut aldrei einhlíts fylgis angólskrar alþýðu og þrátt fyrir öfluga kúbanska aðstoð hafa þau verið á undanhaldi. MPLA halda nú aðeins stærstu borgunum og samgönguleiðum þeirra á milli en FNLA ræður norðurhlutanum og UNITA suðurhluta landsins.

Kúbanir hafa framið mörg grimmdarverk í Angóla í nafni sósíalismans m.a. varpað napalmsprengjum og flísasprengjum yfir borgir og bæi. En þeim hefur ekki tekist að bæla frelsisbaráttu angólskrar alþýðu niður.

Angóla er nú algerlega í höndum rússa og kúbana og Sovétmenn nota landið sem bækistöðvar fyrir frekari útþenslu í suðurhluta álfunnar og um miðbik hennar. Það er verk sovéskra heimsvaldasinna, að hinir svonefndu uppreisnarmenn í Shaba héraði í Zaire, hafa tvívegis ráðist inn í Zaire frá Angóla með aðstoð kúbanskra hermanna og væddir sovéskum vopnum.

Fyrirætlan sovésku heimsvaldasinnanna er að leggja hið auðuga Shaba hérað undir sig en þar eru ríkustu kobaltnámur veraldar. Það sama er uppi á teningnum í Angóla, auðlindir Cabinda héraðsins og hin mikilvæga hernaðarlega landsins eru orsakirnar fyrir áhuga Sovétríkjanna á frelsisbaráttu angólskrar alþýðu.

Bandaríkin hafa haldið að sér höndum í Afríku og rekið eftirgjafarpólitík gagnvart útþenslu sovéskra áhrifa. Í mörgu minnir þessi afstaða bandaríkjastjórnar á þá pólitík sem bretar og frakkar ráku gagnvart Hitler í Evrópu á árunum fyrir síðustu heimstyrjöld. Andi Munchen - samþykktarinnar frægu þegar Chamberlain og Daladier veittu blessun sína yfir hernám Austurríkis og Súdetahéraðanna, svífur yfir óvirkri afstöðu Bandaríkjanna. En eftir að frakkar sendu herlið til Shaba héraðs og Mobutu Sese Seko forseti Zaire bað vesturveldin um aðstoð, hefur afstaða bandarísku stjórnarinnar breyst að vissu leyti.

Sá neisti sem heimsvaldastefna Sovétríkjanna hefur kveikt í hjarta Afríku, getur auðveldlega breyst í bál nýrrar heimsstyrjaldar.

Eystra horn Afríku - Víetnam Sovétríkjanna.

En Sovétmenn hafa ekki látið staðar numið við miðbaug.

Þeir hafa tekið virkan þátt í borgarastyrjöldinni í Eþíópíu og veitt ógnarstjórn Haile Mariam Mengistu ofursta liðstyrk sinn í baráttunni gegn frelsisherjum Eritreumanna og Vestur-Sómala.

Meðan Eþíópía naut enn þá stjórn Haile Selassie keisara, vopnuðu Sovétmenn heri Sómalíu og veittu þeim umtalsverða tækni-og fjárhagsaðstoð.


En eftir byltinguna í Eþíópíu og valdatöku herforingjastjórnarinnar hafa Sovétmenn söðlað um og snúist á sveif með Eþíópíu. Þetta verður að skoðast í ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað um líkt leyti, er Súdan og skömmu síðar Egyptaland ráku sovéska hernaðarráðgjafa á brott og slitu nær öllum tengslum sínum við Sovétríkin. Áhrif Sovétríkjanna í Austurhorni Afríku minnkuðu til muna við þetta og náðu raunar einvörðungu til Sómalíu. Líklega hefur sovésku heimsvaldasinnunum gengið það til með stuðningi sínum við Haile Maríam Mengistu, að efla ítök sín á þessu svæði. En þegar deilur Eþíópíu og Sómalíu brutust út, vegna frelsisbaráttu V-Sómala í Ogadenhéraði Eþíópíu, urðu þeir að velja á milli hinna tveggja stríðandi aðila. Þegar deilurnar byrjuðu var Kastró gerður út af örkinni í því skyni að sætta ríkin tvö og tillaga hans um sameiningu Eþíópíu og Sómalíu bendir sterklega til þess að Sovétríkin hafi viljað halda ítökum sínum í báðum ríkjunum.

Eþíópíustjórn stendur höllum fæti í dag og kæmi efnahagsaðstoð og hernaðarhjálp Sovétríkjanna og Kúbu ekki til, myndi hún hrynja á skammri stundu. Í lok síðasta árs mynduðu Sovétmenn loftbrú til Eþíópíu til þess að flytja þangað hergögn sem ætluð voru til að endurheimta Ogaden hérað, sem skæruliðar V-Sómalíu héldu nær algerlega. Margir hafa giskað á að þessi feiknarlega loftbrú, sem engan vegin samsvaraði magni þeirra hergagna sem Sovétríkin afhentu Mengistu, hafi verið generalprufa sovéska hersins fyrir komandi heimsstyrjöld. Á þessum tíma var öllum lestum Sovétríkjanna beitt undir yfirstjórn hersins og samtímis vopnaflutningunum fóru víðtækar flotaæfingar fram. En með töku Ogaden héraðsins var stríðinu engan vegin lokið.

Skæruliðar Eritreu, sem barist hafa samfellt í 17 ár, héldu áfram að frelsa stór svæði. Og þrátt fyrir tilraunir Mengistu til þess að endurheimta þessi landssvæði, hefur honum ekki tekist að stöðva sigurgöngu skæruliðanna. Nú fyrir skömmu var gerð mikil herferð norður til Eritreu en hún leystist upp fyrir öflugri mótspyrnu frelsisherja Eritreu.

En Sovétmönnum og Kúbönum er ljóst að loftárásir þeirra á bæi og þorp í Eritreu og stuðningur þeirra við Mengistu stjórnina, nýtur mikilla óvinsælda ekki aðeins í Afríku heldur og heima fyrir.

Frelsisbarátta Eritreumanna naut áður brautargengis Kúbu og Sovétríkjanna og aðstoð þeirra við kúgunarstefnu Mengistu ofursta hefur afhjúpað "sósíalisma" Sovétmanna sem heimsvaldastefnu. Margir hafa kallað Eritreu sovéskt Víetnam, þar sem Sovétríkin stríða nú gegn frelsisbaráttu smáþjóðar sem lýtur stjórn kommúnista. Sakir þessa hafa Sovétmenn reynt að hreinsa til í stjórn Eþíópíu og með aðstoð Kúbana og Austur-Þjóðverja smygluðu þeir gömlum andstæðingum Mengistu inn í landið, sem voru landflótta. Þessar athafnir Sovétmanna hafa leitt til kólnandi vináttu Mengistu við Kúbani og Austur-Þjóðverja og brottvísun starfsliðs sendiráða þessara landa frá Eþíópíu.


Le Duan með Brésneff í Moskvu 1975. Vietnam lýtur sovéskri forystu eftir sigurinn yfir bandaríkjamönnum.

Liður í styrjaldarundirbúningi Sovétríkjanna.

Íhlutun Sovétmanna í Suður-Afríku og NA-Afríku er liður í undirbúningi þeirra fyrir heimsstyrjöld. Bæði Angóla og Eþíópía eru hernaðarlega mikilvæg sökum legu sinnar.

Sovétmenn hafa öðlast aðgang að Rauðahafinu og sjóleiðin fyrir suðurodda Afríku liggur hjá Angóla. Eftir að Súesskurðinum var lokað, hefur 80% allrar olíu og 75% stjórnlistarlegra hráefna verið flutt sjóleiðina fyrir suðurodda Afríku. Afríka er að þessu leyti bakland Evrópu og yfirráðin yfir þessari sjóleið hafa mikla þýðingu í hernaðarlegum átökum í Evrópu.

Ef styrjöld skylli á gætu Sovétmenn hæglega unnið stórfelld skemmdarverk á birgðaflutningum til V-Evrópu frá flotastöðvum í Angóla. Á sama tíma væru þeir sjálfir ekki háðir slíkum aðflutningi vegna eigin auðlinda. Auk þess auðvelda yfirráð þeirra í Angóla og Eþíópíu frekari íhlutun og útþenslu á meginlandi Afríku. En á stjórnlistaráætlun sovésku heimsvaldasinnanna er þó alvarlegur ljóður. Yfirgangur þeirra og undirferli, hrokafull framkoma og íhlutun í innanríkismál Afríkuríkjanna, hefur vakið öfluga andúð og andstöðu gegn Sovétríkjunum.

Alþýða Afríku mun ekki líða það neinum að gera hana aftur að nýlendu, saga síðasta áratugs sýnir, að hún mun óhikað halda út á braut vopnaðrar baráttu og þurka leigulið heimsvaldastefnunnar út.

Sovétríkjanna bíða sömu örlög og annarra heimsvaldaríkja, þau munu bíða fullan ósigur fyrir frelsisbaráttu alþýðunnar.

Herstöðvaandstæðingar verða að berjast gegn Sovétríkjunum



Frá aðgerðum SHA. Vonandi verða aðgerðir samtakanna gegn sovéskri heimsvaldastefnu jafnfjölmennar þegar fram í sækir.

Framhald af forsíðu.

aðferðir rýra bæði virðingu fólks fyrir afli og einurð samtakanna, jafnframt því sem þær þjóna ekki tilgangi samtakanna sem andheimsvaldasinnuðu afli. Eflum baráttu samtakanna gegn Sovétríkjunum og sláum þannig íhaldið út af laginu í tilraunum þess til að mála Samtök herstöðvaandstæðinga sem taglhnýting sovéskrar heimsvaldastefnu. Kjörorð SHA ættu að vera tvö: Ísland úr NATO - herinn burt. og Gegn styrjaldarundirbúningi risaveldanna.

Lygar um Kambódíu

Þessi grein er framhald af grein sem birtist í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar. Þar var fjallað almennt um rógsherferðina gegn Kambódíu. Bent var á í greininni að bæði bandaríska og sovéska heimsvaldastefnan hafa frá upphafi stutt afturhaldsöflin í Kambódíu. Þetta er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir ef menn eiga að skilja þá almennu herferð sem farin er nú á hendur Kambódíu. Eins og bent var á í greininni hefur þessi herferð mistekist að hluta, eða það hvað snertir ríki 3ja heimsins, en á ráðstefnu hlutlausra ríkja í Bolombo á Shri lanka í ágúst 1976, var Kambódía viðurkennd sem fordæmi fyrir öll ófrjáls ríki.

Í greininni var rakin gangur frelsisstríðsins á árunum 1970-1975. Bent var á að rauðu khmerarnir frelsuðu um 70-80% af landinu þegar í upphafi stríðsins, þrátt fyrir hinar ógnarlegu loftárásir og fjöldamorð (t.d. morðin 1970 á þúsundum kambódíumanna af vietnömskum ættum sem Lon Nol stóð fyrir) sem framkvæmd voru af Lon Nol og bandaríkjunum með stuðningi rússa. Rakin var í greininni nauðsyn á flutningi fólks frá Phnom Penh og tekin fyrir rógsherferð Árna Bergmanns í Þjóðviljanum 27. og 28. apríl 1970. Það sem þessi síðari hluti tekur fyrir eru ákveðnar sögusagnir sem búnar hafa verið til af heimsvaldasinnum og upphaf þeirra rakið.

Falska viðtalið

Ein af þeim "sönnunum" sem vestrænir fréttamenn vitna til með hvað mestri virðingu er viðtal sem ítölsk blaðakona, Paola Brienti, segist hafa haft við einn af æðstu ráðamönnum Kambódíu, Khieu Samphan. Viðtalið á að hafa átt sér stað á ráðstefnu hlutlausra ríka í Colombo, höfuðborg Shri lanka í ágúst 1976. Í þessu viðtali á Khieu Samphan að hafa sagt að fólksfjöldinn í Kambódíu fyrir stríðið 1970 hafi verið 7 milljónir. Seinna í viðtalinu að ein miljón kambodíu manna hafi fallið á þessum 5 árum, og nú séu íbúar Kambódíu 5 milljónir. Blaðakonan segir að þá hafi hún spurt hvað hafi orðið um þá 1 milljón manna sem uppá vantaði. Þá á, samkvæmt blaðakonunni, Kieu Samphan að hafa svarað: "það er ótrúlegt hvað miklar áhyggjur vesturlandabúar bera fyrir stríðsglæpum". Það skal strax tekið fram að engin vitni eru að þessu viðtali og aðeins orð ítölsku blaðakonunnar eru fyrir því að það hafi farið fram, sem er í sjálfu sér næg ástæða til að hafna því, en það vill svo til að sannanir fyrir því að þetta viðtal sé falsað eru fleiri.

Þetta viðtal hlaut reyndar enga útbreiðslu í fyrstu, enda er blaðið sem Paola Brienti skrifaði í "Famiglia Cristana" lítt þekkt blað í sínu heimalandi, hvað þá annarsstaðar í heiminum. Famiglia Cristana er reyndar algjörlega óþekkt tímarit hvað varðar alþjóðamál, enda er það trúarrit sem gefið er út af Paulusreglunni, Paulussystrum á Ítalíu. Þetta tímarit kemur út vikulega og það var 26. september 1976 á síðu 34-39 sem það birtist. (Ef menn vilja kynna sér það, þá er nauðsynlegt að benda á það að erfitt er að ná í það, ef ekki nær ómögulegt).

Það var heldur ekki fyrr en ameríkaninn John Barron og ástralíumaðurinn Anthony Paul sem báðir eru blaðamenn við The Reader's Digest tóku þetta viðtal upp á sína arma að viðtalið fékk alþjóða útbreiðslu.

Úrdrátt úr bók þeirra Murder of a Gentle Land (í Englandi hét hún Peace With Horror) birti The Readers Digest.

Til að við getum betur gert okkur grein fyrir hvað grein í TRD þýðir skulum við taka nokkrar staðreyndir um það blað. The Readers Digest kemur út í 32 löndum á 13 tungumálum og í 18 miljóna upplagi. The Readers Digest er líklega betur þekkt hér á landi sem danska útgáfan Det Bedste og íslenska útgáfan Úrval.

Það er í þessu sambandi athyglisvert að skoða við hvaða aðila rit eins og The Readers Digest tengist hér á landi. Úrval er gefið út af Hilmi hf. sem gaf út dagblaðið Vísi. Einnig gefur Hilmir hf. út Eimreiðina, sem er "fræðirit" íhaldsins og blaðamaður Eimreiðarinnar er Hannes H. Gissurarson.

Öruggt má teljast að John Barron og Anthony Paul hafi vitað frá upphafi að viðtalið var falsað. Það er athyglisvert að þessi tilvitnun í "þeirra eigin orð" birtist hjá þeim hálfu ári eftir að það kemur út í Famiglia Cristiana. En það er fleira athyglisvert og skulum við skoða það nánar. Í viðtalinu sept. '76 á Khieu Samphan að hafa sagt kambódísku þjóðina vera 5 miljónir. Það eru merkar "fréttir", því aðeins sex mánuðum áður í sambandi við kosningar til þjóðarsamkundunnar í Kambódíu, gaf stjórnin upp að kambódíumenn væru nú 7.735.279 manns. Fjári er það því undarlegt af einum æðsta manni Kambódíu að lýsa því yfir að þjóðin sé aðeins 5 miljónir og hafi ekki verið meira en 7 miljónir í byrjun stríðsins 1970. En það er óþarfi að ætla honum það og ef þessi ítalska blaðakona hefði vandað sig betur í lyginni, þá hefði hún t.d. getað tekið mið af því sem Khieu Samphan raunverulega sagði í Colombo sept. '76.







Myndirnirnar eru frá Thailandi 1976, sama ár og Elín Pálmadóttir heimsótti það land til fræðast um hryðjuverk í Kambodíu. En ekkert fjallaði hún um þessi hryðjuverk.

Hann sagði þá í ræðu að kambódíumenn hefðu verið rúmlega 8 miljónir fyrir stríðið 1970 og í dag væru þeir rúmlega 7,7 miljónir.

Enda hafa opinberir aðilar í Kambódíu einnig lýst því yfir að 800.000 manns hafi fallið í stríðinu 1970 - 1975.

Athyglisvert er að þetta stangast á við allar tölur ítölsku blaðakonunnar.

En einnig úr herbúðum þeirra sem af hvað mestu ofstæki sækja gegn Kambódíuþjóðinni í dag er hægt að finna heimildir um að þetta viðtal Paolu Brienti sé falsað.

Skulum við í því sambandi taka fyrir þátt Francois Ponchaud, fransks trúboða sem dvaldi lengi í Kambódíu eða allt til 1975. Francois Ponchaud gaf út bókina Cambodge anne'e ze'ro þar sem hann fullyrðir að pólitík núverandi stjórnar í Kambódíu hafið kostað eina miljónmanns lífið. (sjá nánar um Francois Ponchand hér í blaðinu). En þó maður gæti búist við að Francois Ponchard þætti fengur í þessu viðtali til að undirbyggja sínar sögur, þá notar hann það ekki. Þetta er ekki hvað síst athyglisvert þar sem hann er katólskrar trúar og Famiglia Crisiana en trúarritið er gefið út af Paulusreglunni eins og áður getur.

Ameríska vísindamanninum Noam Chomsky, einn af hinum ötulu baráttumönnum gegn heimsvaldastefnunni, þótti þetta vera ástæða til að spyrja Francois Ponchard um hvers vegna hann notfærði sér ekki þessa "heimild". Í svarbréfi frá Francois P. 17. ágúst 1977 svarar hann og segir þar meðal annars". . Ég vitna ekki í Famiglia Cristiana frá því í september 1976, vegna þess að ég veít með öruggri vissu, að blaðakonan sem skrifaði í þetta blað, hefur aldrei haft viðtal við Khieu Samphan: Hún var í hóp nokkurra franskra blaðamanna og vék aldrei frá þeirra hlið":

Varla hefur þessi skoðun frakkans farið framhjá þeim Antony paul og Jhon Barron, þeir hafa skýrt frá því að meðan þeir skrifuðu bók sína þá voru þeir"í nærri daglegu sambandi" við Francois Ponchard. Enda reyna þeir að víkja frá sér ábyrgðinni á þessum skrifum í viðtali við Det Bedste í febrúar 1977 en þar segja þeir". . skyldi einhver vera í vafa, geta þeir haldið sig við það sem Khieu Sampan sagði, þegar viðtal var haft við hann af ítalska vikublaðinu Famiglía Cristiana". (síða 176 í dönsku útgáfunni Det Bedste).

En í bók þeirra sem kom út nokkrum mánuðum seinna, þá segja þeir á bls. 202: ". . . blaðið vitnar í það sem Khieu Samphan á að hafa sagt."

Einhverjum mun eflaust þykja undarlegt að trúarrit Paulus-reglunnar á Ítalíu láti frá sér fara grein, sem þeir hjá því blaði vita að er uppspuni frá rótum. Þeim mætti benda á aðra frásögn sem einfaldara er að rekja og þar með dæma um sannleiksást blaðsins. Í sambandi við viðtalið birti Famiglia Cristiana einnig athugasemd með yfirskriftinni "Hefur Sihanouk einnig verið drepinn?"

Prins Sihanouk var fram að 1970 æðsti stjórnandi í Kambódíu og var í stríðinu 1970-1975 formlega leiðtogi Rauðu Khmeranna. Í apríl 1976 dró hann sig til baka frá stöðu sinni. Í þessari athugasemd Famiglia Cristiana segir t.d. "grunsemdir voru settar fram í Le Monde 8-9 ágúst 1976, um að öll fjölskylda prinsins hafi verið tekin af lífi". Ef slegið er upp í Le Monde frá þessum degi, sýnir það sig að um er að ræða áskorun til franska "sósíalista"leiðtogans Francois Mitterands, um að bjarga Sihanouk og fjölskyldu hans, þar sem líf þeirra átti að vera í hættu. Áskorunin er undirskrifuð af mörgum þekktum frönskum vinstrimönnum.

Þessi áskorun var því dæmi um hinn vaxandi vitnisburð um að kambódíska byltingin væri ekki aðeins fordæmd af hægri mönnum heldur einnig af vinstri mönnum.

Það sem Famiglia Cristiana minntist ekki á var að daginn eftir varð Le Monde að bera fram afsökun, vegna þess að það sýndi sig að undiskriftir á áskoruninni voru falskar.

Þetta ætti að segja til um sannleiksást Famiglia Cristiana og ekki hafa sögur um ill afdrif Sihanouks heldur verið staðfestar. Þvert á móti, því hann er nú einn helsti talsmaður fyrir hinni nýju stjórn í Kambódíu í dag.

Viðtal Famiglia Cristiana við Khieu Samphan er greinilega falsað, eins og hér hefur verið rakið. Það hefði verið einfalt fyrir þá sem um það hafa fjallað að sannfærast um það en málið verður flóknara þegar fjallað er um það af einum aðila sem aðeins vitnar til þess án þess að segja frá smáatriðum eða lagar það til.

Hið síðartalda framkvæmdu reyndar John Barron og Anthony Paul, því þeir löguðu viðtalið til svo það hljómaði betur við þeirra tilgang. Þeir sem síðar hafa fjallað um þetta mál í hinni vestrænu pressu, hafa látið sér nægja að vitna í þá John Barron og Anthony Paul eingöngu.

Enda er erfitt að verða sér úti um ítalska vikublaðið.

Þessi fölsun hefur svo fengið þann vafasama heiður að vera notað í stríðsæsingum gegn Kambódíu. Bandaríski þingmaðurinn Stephen J. Solars, 3. maí 1977 í bandaríska þinginu, notaði það til að rökstyðja álit sitt um að nauðsynlegt væri fyrir hinn frjálsa heim að gera innrás í Kambódíu, "til þess að hindra brotin gegn mannréttindum". Hann hefur reyndar ekki meiri þekkingu á frumheimildinni en þá að hann kallar ítalska blaðið Oriana Fallaci.

Þetta viðtal ítölsku blaðakonunnar hefur nú verið tekið upp í flestum stórblöðum og öðrum fréttamiðlum hins vestræna heims. Enginn þessara stóru fréttamiðla hefur látið sér annt um sannleiksgildi þessa "viðtals".

Þó hafa ýmsir þeir sem fjallað hafa um Kambódíu og tekið einarða afstöðu gegn heimsvaldastefnunni, bent á hve augljóst sé að viðtalið er falsað. En þeir hafa ekki átt innangengt í hinum stóru fjölmiðlum. Þáttur Francois Ponchaud er í þessu tilfelli sérlega athyglisverður.

Noam Chomsky skrifaði honum bréf þar sem hann fór fram á að hann gerði opinberlega grein fyrir vitneskju sinni um að viðtalið væri falsað. Í svari sem Francois Ponschaud sendi til Noam Comsky 29. des. 1977 kemur það fram að frakkanum finnst það ekki sérlega þýðingarmikið að afhjúpa þessa lygi og hann segir ennfremur í bréfinu að hann eigi ekki svo einfalt með að komast í blöð, þar sem hann sé ekki blaðamaður. Ég held að það sé kannski að bera í bakkafullan lækinn en þó má geta þess að Francois Ponchaud hefur verið eitt höfuðvitnið í vestrænum fréttum um Kambódíu og hefur í því sambandi oft komið fram opinberlega. (Bréfin sem Noam Chomsky fékk frá frakkanum hefur hann birt opinberlega).

Falsanir á opinberum markmiðum stjórnar Kambódíu

Það hefur löngum verið tíðkað af þeim sem vilja halda í ríkjandi ástand, sem er andstætt hagsmunum meirihluta þjóðfélagsins, að falsa það sem þeir segja er vilja breyta þjóðfélaginu þessum meirihluta í hag. Einnig hefur aftur haldið beitt þessum aðferðum gegn öllum hugmyndum sem settar eru fram til frelsis alþýðunni sem er annarsstaðar í heiminum. Í báðum tilfellum og þó sérlega í því





Elín Pálmadóttir og Árni Bergmann hafa sömu afstöðu til baráttu alþýðunnar í Kambodíu. Þau nota sömu heimildarmennina, en þjóna sitthvoru risaveldinu.

Síðari grein

afhjúpaðar

síðara þá notar afturhaldið þessa fölsum á hugmyndum til þess að búa til sögur um gerðir viðkomandi aðila. Í sambandi við Kambódíu er í þessu tilfelli um mörg og augljós dæmi að ræða og ætla ég að taka fyrir nokkur þeirra.

Francois Ponchand skrifar t.d. í bók sinni Cambadge année zero (Kambódía árið núll) að stjórn Kambódíu hafi línu sem gengur útá að "við skulum útrýma afkomendum ykkar til hins síðasta". Þetta notar hann til þess að undirstrika með "tilvitnun frá þeim sjálfum" að markmiðið sé að útrýma ekki aðeins heimsvaldasinnunum, heldur og barni hans og barnabarni. Það markmið stjórnar Kambódíu sem Francois Ponchand falsar hér er "að við skulum ekki lengur hafa þessa manngerð". Þetta markmið hefur af sjálfsögðu verið skýrt út af þeim sem settu það fram, en það er það að þeir í Kambódíu ætla ekki lengur að hafa kúgara og arðræningja í sínu landi. Og hvernig ætla þeir að losa sig við þá. Jú, með því að gefa engum tækifæri á að kúga og arðræna aðrar manneskjur. Er hægt að hugsa sér grófari útúrsnúning en þennan hjá Ponchand. Hvergi hafa stjórnendur Kambódíu lýst því yfir að þeir ætli að drepa þá eru voru kúgarar og arðræningjar, heldur aðeins að taka af þeim möguleikann til kúgunar og arðráns.

Þessi fölsun verður ennþá magnaðari þegar hún er komin alla leið til Íslands, í litla ríkisútvarpið. Gunnar Eyþórsson sagði t.d. í fréttaauka, að í Kambódíu væri verið að drepa alla þá er hefðu á einhvern hátt haft einhverja þekkingu, t.d. lækna og kennara, og allt eldra fólk en unglinga, því að það gæti haft gamlar hættulegar hugmyndir. Ekki skal ríkisútvarpinu á Íslandi ætlað að vera það sambandslaust við umheiminn að það hafi engar fréttir frá þeim aðilum beint sem eiga að hafa sagt þetta eða hitt, það er of auðvelt til að vera afsökun á þessum óþverra. Nei, en markmið Gunnars Eyþórssonar virðist betur þjónað með þessum fölsunum.

Hvað áhrærir menntað fólk í Kambódíu og meintar ofsóknir gegn því, þá er hér ein athyglisverð saga kambodísks "flóttamans" í Vétnam.

Þessi umræddi maður hafði viðtal við vestrænan blaðamann um "kúgun" sína. Hann var lærdómsmaður og vildi leggja áherslu á æðra nám, en ekki að þurfa að eyða tíma sínum í almenna lestrarkennslu. En honum til mikils ama var það markmið stjórnvalda að leggja áherslu á að kenna öllum að lesa og skrifa, og útrýma ólæsi í Kambódíu. Þessi maður var í stjórn samyrkjubús í eitt ár eftir frelsun Kambódíu og barðist þar allan tímann fyrir þessari hugsun sinni, og þá helst að fá að leggja áherslu á frönskukennslu. Þessi saga fór ekki víða, enda passaði hún ekki inní þá mynd sem reynt er að draga upp af Kambódíu.

Önnur fölsun sem ég ætla að taka hér fyrir, er sú er gengur útá að það sé markmið stjórnar Kambódíu að fækka þjóðinni niður í eina milljón. Hér er um útúrsnúning á því er Kambódíumenn segja að þeir munu sigrast á erfiðleikunum, þó þeir væru ekki nema ein til tvær milljónir eða með öðrum orðum, þá mun fámennið ekki hindra þá í að byggja réttlátt þjóðfélag. Gunnar Eyþórsson hefur verið iðinn við að útbreiða þessa fölsun í fréttaaukum sínum, og haldið því fram á þess að blikna (sjáum það reyndar ekki) að fólk væri miskunnarlaust skotið í þessum tilgangi.

En hér er markmið stjórnar Kambódíu skýrt sem og í öðrum málum. Þeir stefna að fjölgun þjóðarinnar og hafa sett sér það markmið að fjölga þjóðinni á næstu 10 árum úr tæpum 8 milljónum í fimmtán til tuttugu milljónir.

Þetta eru opinberar yfirlýsingar frá stjórn Kambódíu sem ríkisútvarpinu hlýtur að vera vel kúnnugt um.

Í þessu skyni leggur stjórn Kambódíu áherslu á að ungt fólk gifti sig og stofni fjölskyldu.

Í þessu tilfelli er það þess virði að lesa hvað Elín Pálmadóttir blaðamaður Moggans og fallkandidat í borgarstjórakosningunum hefur að segja.

> um. Nú var farið að hafa strangt eftirlit með því að ungt fólk væri ekki að draga sig saman eða gifta sig án leyfis Anka. Dauðarefsing lá við því í að minnsta kosti sumum þorpunum, ef grunur lék á slíku athæfi, sem ekki átti að líðast í hinu nýja þjóðskipulagi. Allir eiga þar að lifa eftir boðorðinu: Aldrei segja nei eða færast undan nokkurri skipun, allir eiga að hætta að hugsa um fjölskyldu sína, einungis að vinna að hrísgrjónauppskerunni fyrir föðurlandið Þessu hefur verið fylgt

Ég held að óþarfi sé að skilgreina þessa úrklippu nánar, hún skýrir sig alveg sjálf. Af mörgum tilvitnunum er af að taka í sambandi við falsanir á markmiðum Kambódíu, en ég læt þetta nægja í bili.

Hvað segja þeir sem komið hafa til Kambódíu

Elín Pálmadóttir kom til Thailand og sá umsvifalaust hvað var að ske í Kambódíu. Að hún hafi séð einhver hryðjuverk kæmi engum á óvart, því að hún var stödd í Thailandi og það er kunnara en frá þurfi að segja að slíkt hefur undanfarið verið daglegt brauð þar í landi. Má í því sambandi benda á myndirnar hér á hinni síðunni því til staðfestingar. En af Kambódíu sá Elín Pálmadóttir ekkert. Væri því ráð að leita til þeirra sem komið hafa til Kambódíu og heyra þeirra vitnisburð. Ég ætla að láta nægja í bili að taka aðeins eitt vitni, en það er sendiherra Svíþjóðar í Bangkok, sem er höfuðborg Thailands. Í desember 1977 fór hann til Kambódíu í stutta heimsókn og skulum við vitna í það sem hann sá:

"Það sem ég og kona mín sáum á hinni 150 mílna ferð var líflegt starf allsstaðar. Nýjar landbúnaðarkommúnur, öflug uppbygging, fjölda fólks við framleiðslu.

Það voru einnig margir hlutir sem við sáum ekki. Við sáum ekki neinar manneskjur grafa skurði með berum höndum, eins og sagt er frá í hinni vestrænu fjölmiðlun. Við sáum engan bera ósanngjarnlega þunga hluti eða að fólk væri notað eins og dráttardýr, enga vinnuflokka undir þvingun. Við sáum fjóra hermenn - það var allt sem við sáum af her í Kambódíu".

Þessi yfirlýsing kom illa við kaunin á fölsurunum, svo illa að sænska stjórnin sá ástæðu til að ávíta hann fyrir órökstuddar fullyrðingar. Já, sumum ferst, öðrum ekki.

Þetta sýnir líklega einna ljósast hvað sannleikurinn á auðvelt inngöngu í hina "frjálsu fjölmiðla". Öllu er hafnað, nema það þjóni heimsvaldastefnunni.



Francois Ponchad

Eitt af höfuð vitnum Árna Bergmann í greinum hans í Þjóðviljanum er frakkin Francois Pancaud og skulum við í því titefni skoða bakgrunn hans nánar.

Frakkinn Francois Panchand vann sem katólskur trúboði í Phnom Penh og var fluttur þaðan í lok apríl 1975. Sjálfur sá hann engar misþyrmingar þrátt fyrir að hann fékk að ferðast vítt og breitt um Phnom Penh. Francois Panchand hefur ekki aðeins áhuga á trúboði, heldur er hann áhugamaður um framgang franskrar heimsvaldastefnu. T.d. er það hans álit að frakkar hafi "bjargað" Kambódíu frá tortímingu. Nú vinnur hann í París að bæklingi um Indókína, og sækir hann efni í hann frá hóp í Thailandi. Einn af leiðtogum þessa hóps er fyrrverandi meðlimur hryðjuverkahópsins DAS., Miqot. Annar leiðtogi þessa hóps er fyrrverandi hermálablaðafulltrúi frönsku leyniþjónustunnar, Saint-Simon.

> Sjálfsagt veit enginn hve margir hafa farizt á þessum tveimur árum í Kambódíu. Nú virðist umheimurinn farinn að átta sig á því sem er að gerast í þessum stóru þrælkunarbúðum og farið er að skrifa um það í blöð í Suðaustur-Asíu og víðar um heim. Blaðamennirnir John Barron og Anthony Pau, sem elt hafa uppi hundruð flóttamanna, hlustað á ríkisútvarpið frá Phom Pehn, sem er eini fréttamiðillinn í Kambódíu, og nýtt sér þekkingu sérfræðinga um Kambódíumál, sem áður bjuggu í landinu, hafa áætlað dánartölur fram til ársloka 1976 á þessa leið: 1,2 milljónir karla, kvenna og barna hafa verið drepin af hermönnum Anka, 400

> **Miskunnarleysi, nauðungarvinna, fjöldaaftökur — þetta eru hin föstu stef í skrifum um ástandið í Kambódíu (Kampútsjeu). Mjög háar tölur eru nefndar um fórnarlömb ógnarstjórnarinnar. Í bókinni Murder of a Gentle Land, sem einkum byggir á viðtölum við flóttafólk, sem gerð eru á vegum bandaríska tímaritsins Readers Digest, er talað um að 1,2 miljónir manna hafi látið lífið, annaðhvort frammi fyrir aftökusveitum eða af hungri og þrældómi. Það er firnaleg blóðtaka í landi sem hefur haft 7-8 miljónir íbúa.**

Efri tilvitnuninn er úr Morgunblaðinu, en sú neðri úr Þjóðviljanum. Heimildarnar í báðum eru Johnn Barron og Anthony Poul. Þessar lygar þeirra er hraktar hér í blaðinu. En vel fer á með þeim Elínu Pálmadóttur og Árna Bergmann, enda er málstaður þeirra sá sami

Kommúnistaflokkurinn ver hagsmuni verkalýðsins

Framhald af baksíðu

áhrifamáttar hans, neyðast þessir flokkar til að snúast opinskátt gegn honum og ef að líkum lætur, samkvæmt viðlíka dæmum erlendis frá, mun það verða af sjúklegu ofstæki.

Í dag er beitt lævíslegum rógi, þögn á opinberum vettvangi, valdníðslu og ólýðræði.

Nýjasta dæmið er hvernig útvarpsráð hikaði ekki við að brjóta útvarpslögin, til að útiloka Kommúnistaflokkinn frá þátttöku í fjölmiðlum (sjónvarpi) svo nokkru nemi. Aftur á móti fá gömlu flokkarnir, sem ráða útvarpsráði, nægan tíma og tækifæri til að kynna sig og sína pólitísku stefnu í sjónvarpi. Jafnvel þó allir þessir flokkar hafi orðið uppvísir að lýðskrumi, sviknum kosningaloforðum og jafnvel lygum í fjölmiðlum. Mismunandi mikið þó eftir því hver á í hlut.

Það að kjósa einhvern þessara fimm flokka í komandi alþingiskosningum, er að treysta vald samtryggingarkerfis þingflokkanna í sessi og það kerfi nær inn í allar helstu og valdamestu stofnanir þjóðfélagsins, s.s. stórfyrirtæki, dómskerfi, banka, nefndir, embætti og verkalýðshreyfinguna. Atkvæði til einhvers gömlu flokkanna þýðir að sá flokkur er treystur í sessi innan samtryggingarkerfisins, þar sem hver reynir í sérplægni sinni að ota sínum tota. M.ö.o. atkvæði til einhvers þessara flokka táknar að viðkomandi kjósandi vilji búa við áframhaldandi kúgun auðvaldsskipulagsins á verkalýðsstéttinni og annarri alþýðu.

Eina aflið sem rís til baráttu fyrir hagsmunum verkalýðsins eftir öllum birtingarmyndum stéttabaráttunnar og stendur gegn valdkerfi auðvaldsins og samtryggingarkerfisins, er Kommúnistaflokkur Íslands.

Félagar Kommúnistaflokksins starfa og berjast fyrir stefnu flokksins innan fjöldahreyfinga alþýðunnar og samtaka t.d. innan verkalýðsfélaga, Samtaka herstöðvaandstæðinga og Rauðsokkahreyfingarinnar. Kommúnistaflokkurinn tekur þátt í þingræðisbaráttunni til að fylgja eftir baráttu verkalýðsins fyrir sósíalisma innan veggja Alþingis sem og utan. Hann telur Alþingi aðeins einn baráttuvettvang af mörgum þar sem kommúnistum ber skylda til að berjast og starfa.

Nái Kommúnistaflokkurinn inn manni á Alþing í komandi kosningum, mun það tákna straumhvörf í verkalýðsbaráttunni. Það þýðir að kommúnismanum hefur aukist stórlega fylgi á stuttum tíma, meðvitund fólks fyrir stéttabaráttunni hefur vaxið að mun, fjöldi fólks hafi snúist í verki gegn auðvaldi, stéttasamvinnustefnu og heimsvaldastefu, og loks að verkalýðurinn hafi eftir 40 ára hlé eignast málsvara á Alþingi. Einn kommúnisti gerir meira gagn á þingpöllum Alþingis en 60 alþýðubandalagskratar. Því kratarnir leggja höfuðáherslu á eigið þingsalastrit eftir metorðum, auði og völdum og notfæra sér baráttu verkalýðsins í því skyni. En kommúnistinn lítur á starf sitt innan þingveggja, sem aðeins lítið brot af stéttabaráttunni er fer fram utan þings og að hlutverk hans sé að styðja verkalýðinn í henni.

Verkafólk - kjósum því kommúnista á þing.

xK Stefna flokksins

Umhverfisvernd og nýting náttúruauðlinda

Framhald af baksíðu

Mengun af völdum stóriðju fer vaxandi samfara fjölgun iðnvera. Dæmi þessa má best greina umhverfis álverið í Straumsvík og Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Ekki er hirt um að koma hreinsibúnaði fyrir í verksmiðjum til að draga úr menguninni, því kostnaðurinn við það kæmi niður á gróða verksmiðjueigandanna.

Lítið er hugsað um uppgræðslu til að koma í veg fyrir áframhaldandi sókn gróðureyðingar í óbyggðum landsins. Ofbeit á afréttum er að mestu látin afskiptalaus í stað þess að fara að ráðum þeirra manna sem rannsakað hafa ástand úthagans um það hvernig megi stuðla að sókn gróðursins í stað undanhalds sem í dag er staðreynd. Hér er ekki verið að vega að því vinna að jarðgræðslu og skógrækt hafa unnið, þvert á móti er verið að benda á þá staðreynd að aðgerðir þeirra takmarkast við þær fjárveitingar sem Alþingi lætur þeim í té.

Verndun gamalla húsa og umhverfis í Reykjavík hefur verið mikið til umræðu upp á síðkastið. Borgaryfirvöld hafa í þessu máli sýnt algert skilningsleysi á þeim þætti sem gömul hús og umhverfi eldri borgarhluta eiga í menningu okkar. Ekkert nema gróðasjónarmið og glerhallir eiga rúm í hugum þessara manna. Það má með sanni segja að Morgunblaðshöllin standi sem minnismerki um stefnu borgaryfirvalda í friðunarmálum.

Stefna Kommúnistaflokksins í umhverfisverndarmálum er skýr og ótvíræð. Grundvallarsjónarmiðið í stefnu flokksins er að byggja upp þjóðfélag sem byggir á skynsamlegri nýtingu auðlinda í þágu þjóðfélagsheildarinnar. Flokkurinn leggur þunga áherslu á að skapa eðlileg samskipti mannsins við umhverfi sitt. Þetta verður aðeins tryggt með því að öll gróðasjónarmið og einkahagsmunir verði látin víkja fyrir sameiginlegum hagsmunum alls samfélagsins. Baráttan fyrir aukinni verndun umhverfisins og skynsamlegri nýtingu náttúruauðæfa er því þáttur í baráttu verkalýðsstéttarinnar og allrar alþýðu fyrir afnámi auðvaldsþjóðfélagsins og uppbyggingu sósíalísk þjóðskipulags á Íslandi. Mengun, rányrkja og skefjalaus ágangur og virðingarleysi fyrir mannlegu umhverfi eru óhjákvæmilegir fylgifiskar auðvaldsþjóðfélagsins.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
23. tbl. 7. árg. 6.6. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17a
101 R



Fasisminn í skjóli fótboltans

Til Argentínu beinast nú augu miljóna manna um heim allan og hugir margra gagnsýrast af því hversu oft knötturinn syngur í neti hverra.
Hverjir verða heimsmeistarar í knattspyrnu, hver verður valinn besti knattspyrnumaður í heimi, hver verður markakóngur, hver ver flestar vítaspyrnurnar o.s.frv..
En á meðan fótboltinn rúllar á opinberum vettvangi gerist ýmislegt sem ekki er jafn opinbert og sem sumir vilja helst leiða hjá sér að hugsa um.

Á íþróttavellinum þar sem fánar hinna fjölmörgu aðildarþjóða alþjóða knattspyrnusambandsins blakta og ~~úrvalsmenn~~ bestu knattspyrnuþjóða heims leiða saman hesta sína, já þar leynist feigðarvofa fasismans. Og þó, hún leynist ekki, hún situr í öndvegi.
Rétt eins og Hitler forðum í Berlín, árið 1936, notfærir herforingjastjórnin í Argentínu sér íþróttakappleikina í auglýsingarskyni og til að breiða yfir glæpi sína. Út um heim allan fær fólk að sjá í sjónvarpi gegn um gervihnött fámenna klíku, skuggalegra og flóttalegra manna. Þeir eru leiðtogar fyrir fjöldamorðum, fjöldafangelsunum, ofsóknum á hendur almennum borgurum í Argentínu og hverju ofstæki sem nafni tjáir að nefna.
Herforingjastjórnin í Argentínu komst til valda með valdaráni árið 1976. Talið er að síðan þá hafi að undirlagi hennar verið myrtir um 6000 manns og hátt á 20. þúsundið verið fangelsaðir. Flestir þeirra sem orðið hafa fyrir barðinu á fasistunum eru menn grunaðir um að vera eða eru raunverulegir pólitískir andstæðingar herforingjastjórnarinnar. Því hafa kommúnistar orðið hvað verst úti í þessum ofsóknum. Verkföll eru bönnuð, aðeins fasísk verkalýðsfélög eru lögleg, herdómstólar eru ríkjandi og valdbeiting gagnvart alþýðunni og lýðréttindum hennar er daglegt brauð.
Það sem hér er reifað um ógnaröldina í Argentínu eru aðeins fáeinir punktar sem menn ættu að hafa hugfasta á meðan þeir annað hvort gleðjast yfir eða syrgja úrslit einstakra leikja eða heimsmeistarakeppninnar í heild. Það er spurning um hvort metið sé meira, stundaránægja sú er knattspyrnan veitir eða líf og dauði saklausra manna sem verða fórnarlömb heimsauðvaldsins.

Kappræðufundur

Svavar Gestsson þorði ekki að mæta

Þann 2/6 síðastliðinn var haldinn kappræðufundur í félagsstofnun stúdenta um kosningarnar framundan. Þeir sem þar leiddu fram hesta sína voru Kommúnistaflokkur Íslands ml, Fylkingin og Alþýðubandalagið. Gunnar Andrésson talaði fyrir Kommúnistaflokkinn, Ragnar Stefánsson fyrir Fylkinguna, en Svavar Gestsson treysti sér ekki í slaginn og mætti Þröstur Ólafsson því fyrir Alþýðubandalagið. Fluttu fulltrúar hvers flokks stuttar framsöguræður og voru almennar og fjörugar umræður að þeim loknum.
Mikið var að sjálfsögðu rætt um komandi kosningar. Alþýðubandalagið var ásakað fyrir að treysta algerlega á þingræðisbaráttuna, en vanmeta og hafna baráttu hins vinnandi fjölda. Sömuleiðis var á fundinum veist hart að Alþýðubandalaginu fyrir stéttasamvinnustefnu og undanslátttarsemi við auðvaldið.

Hjá fulltrúa Alþýðubandalagsins var fátt um svör, gerði hann lítið annað en að afsaka sjálfan sig og flokkinn og má segja að Alþýðubandalagið hafi runnið á rassinn á þessum fundi.




Þeir eiga þó enn von um uppreisn æru. Kommúnistaflokkur Íslands ml. hefur skorað bæði á Alþýðubandalagið og Fylkinguna til kappræðna nú rétt fyrir kosningar og vonum við að þeir sjái sér fært að senda þar fulltrúa til að verja starf og stefnu sína. Við viljum hvetja fólk til að mæta og taka þátt.

Kommúnistaflokkurinn ver hagsmuni verkalýðsins

Ljóst er að eitt mesta eitur í beinum þingflokkanna fimm, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Samtakanna, er að verkalýðsstéttin eignist fulltrúa á þingi er tali máli hennar. Þessi afstaða gömlu flokkanna kemur ekki fram í málefnalegri umræðu né opinskárri og heiðarlegri. Nei, þvert á móti kemur hún fram í ólýðræði og valdníðslu, þar sem þessir flokkar notfæra sér þá aðstöðu sem þeir hafa skapað sér í gegn um árin. Fyrir barðinu á samtryggingarkerfi þessara flokka verða þau öfl sem koma ný fram á vettvang pólitísku baráttunnar og stefna þvert á valdakerfi auðvaldsskipulagsins, sem þessir flokkar eru fulltrúar fyrir.
Enginn þessara fimm flokka hefur treyst sér til að hrekja í málefnalegri umræðu, í ritdeilum á opinberum vettvangi þá pólitík sem Kommúnistaflokkurinn er fulltrúi fyrir. Í stað þess reyna þessir flokkar að leggjast á eitt um að þegja Kommúnistaflokkinn í hel en það er vel þekkt baráttuaðferð íhaldssamra valdaflokka í öðrum löndum og hún gengur ekki til lengdar. Með auknum styrk Kommúnistaflokksins og

Framhald á síðu 7


Einu máli hefur gilt um hvort í ríkisstjórn hafa setið "hægri" eða "vinstri" stjórnmálaflokkar. Samtryggingarkerfi þingflokkanna hefur verið ríkjandi og þeir staðið sem einn maður gegn stéttarhagsmunum verkalýðsins og annarrar alþýðu, t.d. lýðréttindum.



Keflavíkurganga herstöðvaandstæðinga verður 10. júní

Skráið ykkur í síma.: 29896, 29845 og 29863.

xK

Stefna flokksins

Umhverfisvernd og nýting náttúruauðlinda

Reynsla Íslendinga af umhverfisverndartali yfirvalda, hvort sem er hjá ríki eða borg, er öll á einn veg. Gróðasjónarmið íslensku borgarastéttarinnar ganga fyrir verndun umhverfisins, jafnt verndun gamalla húsa, óspilltrar náttúru og náttúruauðæfa. Auðstéttin og ríkisvald hennar láta aðeins stjórnast af einu sjónarmiði. Þetta er ekki það sjónarmið að tryggja skuli manninum eðlilegt og heilbrigt umhverfi og samfélag, heldur skefjalaust gróðasjónarmið, sókn eftir þeim hámarksgróða sem auðvaldið eygir á hverjum tíma. Þetta takmarkalausa gróðasjónarmið hefur þegar í dag leitt til þess að víða um heim er lífríki stefnt í hættu. Sumir vísindamenn taka jafnvel það djúpt í árina að segja að með sama áframhaldi se tilveruskilyrðum mannkynsins stefnt í hættu.
Mengun og rányrkja eru ótvíræð einkenni á íslensku þjóðfélagi í dag, ekkert síður en annars staðar. Eyðing síldarinnar og gengdarlaus ágengni í aðra fiskistofna eru staðreyndir sem ekki verður á móti mælt. Og þótt mikið hafi verið talað um friðunaraðgerðir og skynsamlega nýtingu fiskistofnanna við landið nú á síðustu árum, hefur söknin þvert á móti verið aukin og er smáfiskur oft á tíðum stór hluti aflans.

Framhald á síðu 7